


SEXHYRNINGUR








EFNI

- ☐ málalímband
- ☐ trélím
- ☐ viðarlengja
- ☐ viðarplata/ í botn


VERKFÆRI

- ☐ bakkasög
- ☐ blýantur
- ☐ reglustika/tommustokkur
- ☐ vinkill
- ☐ þvingur



VERKLÝSING

1



- Fáðu viðarlengjur hjá kennara sem er með 30° halla á tveimur endum.
- Ef búa á til hólka undir liti og slíkt þá þarf mjóa renninga en stærri þegar gera skal hillu eða box.
- Notaðu vinkil til að strika beina línu þvert yfir viðinn. Þannig verður hún hornrétt (90°).

2



- Festu bakkann við hefilbekk. Festu viðarlengjuna í bakkann og sagaðu með bakkasöginni eftir línunni sem þú merktir.

3



- Til þess að búa til einn kassa þarf sex jafn langar lengjur, finndu hversu há box þín eiga að vera. Gerðu þrjú mis há box.

4



VERKLÝSING

- Raðaðu öllum sex kubbum í lengju, þannig að gráðurnar sem þú hefur sagað snúi niður.
- Passaðu að þeir séu í beinni línu
- Festu þá saman með málarteipi.
- Hafðu ríflegt af límbandi á öðrum enda lengjunnar.



5

- Snúðu lengjunni varlega við.
- Settu trélím í öll samskeyti.
- „Rúllaðu“ lengjuna upp þannig að sexhyrningur myndist
- Festu saman með límbansbútnum sem var ríflegt af.
- Strjúktu allt auka trélím í burtu.



6

VERKLÝSING



- Fáðu viðarplötu hjá kennaranum fyrir botninn.
- Leggðu sexhyrninginn á plötuna og strikaðu eftir útlínunum með blýanti.
- Sagaðu eftir línunni með laufsög eða tifsög.
- Notaðu trélím til að líma sexhyrninginn niður á formið sem sagað var út.
- Festu saman með þvingum.

7

- Pússaðu brúnirnar á með sandpappír. Byrjaðu á grófum pappír númer 60, næst notar þú 150, 240 og að lokum 320.
- Nú getur þú skreytt boxið að vild.

